

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Skaftárhreppur urðun Stjórnarsandur



<b>Dags eftirlits</b>	25.9.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Skaftárhreppur urðun	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Klausturvegur 15	<b>Tegund eftirlits</b>	Annað
<b>Kennitala</b>	480690-2069	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Vígfús Þór Hróbjartsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	475089,819 332611,967

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Verulegt magn af alls kyns úrgangi var á urðunarstaðnum. Þar sem undanþága frá gildu starfsleyfi rann út 15.11.2012 er hverskyns meðhöndlun úrgangs á svæðinu þ.a.m. geymsla óheimil og því um frávík frá löggjöf að ræða. Nýtt starfsleyfi staðarins er í burðarliðnum.

## UMFANG EFTIRLITS

Fundur var haldinn með Vígfúsi Þór Hróbjartssyni byggingarfulltrúa Skaftárhrepps. Rætt var um stöðu á vinnslu starfsleyfis, hvornig úrgangsmálum er háttáð á svæðinu um þessar mundir og rekstur urðunarstaðarins. Skoðun fór síðan fram á urðunarstaðnum á Stjórnarsandi.

### Frávík frá

Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, gr. 7.1 þar sem m.a. segir „Allur atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, skal hafa gilt starfsleyfi,“

### Lýsing á frávíki

Verulegt magn var af úrgangi á urðunarstaðnum og ægði mörgum úrgangsflokkum saman. Hverskyns meðhöndlun á úrgangi er starfsleyfis skyld.

## ATHUGASEMDIR

Í kjölfar eftirlitsins gerði rekstraraðili athugasemdir við drög að eftirlitsskýrslunni þar sem hlé hafi verið gert á urðun en undanþága rann út og að úrgangur sá sem á svæðinu var sé óvirkur og hafi borist þangað áður en undanþágan rann út. Þar sem geymsla úrgangs ekki síður en urðun hans er leyfis skyld starfsemi, telur eftirlitsaðili eftir sem áður að um frávík sé að ræða. Þá er rétt að benda á að úrgangstegundir voru margar á staðnum, virkar sem óvirkar.

## ANNAÐ

Undanþága frá gildu starfsleyfi rann út 15.11.2012. Starfsleyfistillaga urðunarstaðarins liggur fyrir og tekur gildi þegar nýtt deiliskipulag hefur verið gefið út fyrir svæðið.

Reykjavík, 14.11.2013

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki

geta talist frávik.